

Samningur innanríkisráðuneytisins, velferðarráðuneytisins og Háskóla Íslands um heildstæða greiningu á málefnum innflytjenda og flóttafólks á Íslandi

1. Samningsaðilar

- 1.1. Verkkaupi er innanríkisráðuneytið, kt. 461010-0400 og velferðarráðuneytið, kt. 601210-1340.
- 1.2. Verksali er Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, fyrir hönd Háskóla Íslands, kt. 600169-2039.

2. Markmið

Markmið samningsins er gerð heildstæðrar greiningar og mats á gæðum aðlögunar og þjónustu flóttafólks og innflytjenda ásamt því að greina umbótatækifæri í málaflokknum.

3. Verkefni

3.1. Verkefnið skiptist í eftirfarandi verkþætti:

- Rannsókn á viðhorfum flóttafólks sem hlotið hefur alþjóðlega vernd á Íslandi til þeirrar þjónustu og stuðnings sem það fær.
- Rannsókn á viðhorfum félagsráðgjafa og annarra sem vinna að aðlögun flóttafólks að íslensku samfélagi.
- Samanburður á þjónustu við flóttafólk á Íslandi og hinum Norðurlöndunum
- Lagaleg og stjórnsýsluleg aðgreining málefna útlendinga og innflytjenda - greining á umbótatækifærum

Nánari útfærsla á verkefninu er í rannsóknaráætlun (fylgiskjali 1), sem er hluti samnings þessa.

3.2. Verkkaupi hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

4. Hlutverk og ábyrgð verksala

- 4.1. Hlutverk verksala er að tryggja framkvæmd, framgang og gæði rannsóknarinnar í samræmi við samning þennan og rannsóknaráætlun (fylgiskjal 1).
- 4.2. Verksali ber ábyrgð á að verkkaupi fái þá þjónustu sem kveðið er á um í samningnum í því magni, af þeim gæðum og samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum, alþjóðlegum viðmiðum og samningi þessum. Verksali ber ábyrgð á að senda ráðuneytinu kostnaðargreiningu og greinargerð/yfirlit um verkefnið.

5. Greiðslur

- 5.1. Verkkaupi greiðir verksala 10 milljónir kr. fyrir verkið og er það heildargreiðsla af hálfu verkkaupa sem standa skal straum af öllum kosnaði tengdum verkefninu hjá verksala.
- 5.2. Verkkaupi greiðir helming greiðslunnar, 5. m.kr., við undirritun samnings þessa. Við verklok greiðir verkkaupi síðari hluta greiðslunnar, 5. m.kr.
- 5.3. Innanríkisráðuneytið annast greiðslur skv. fyrir hönd verkkaupa.

6. Fjárreiður

- 6.1. Halda skal kosnaði vegna verkefnisins sérgreindum í bókhaldi verksala og skal verksali veita verkkaupa upplýsingar um stöðu verkefnisins, óski hann þess.

RAB

RAB

1

FLK
RAB

7. Vanefndir

7.1. Telji verkkaupi framkvæmd verkefnisins, í heild eða að hluta, ábótavant (vanefnd) eða að verksali uppfylli ekki samningsskyldur sínar sem fram koma í þessum samning þrátt fyrir að hafa fengið frest til úrbóta, skal gerð skrifleg athugasemd þar að lútandi.

7.2. Hafi samningsaðilar sagt upp samningnum vegna vanefnda er mögulegt að krefjast bóta vegna þess kostnaðarauka er kann að leiða af uppsögninni. Um bætur vegna annars tjóns fer eftir almennum skaðabótareglum.

7.3. Heimilt er að rifta samningi þessum verði verksali uppvís að lögbroti í starfsemi sinni.

8. Réttarfar

Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. Framsal réttinda

Verksala er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

10. Þagnarskylda og meðferð gagna

Verksali er bundinn þagnar- og trúnaðarskyldu í starfi sínu. Nær þagnarskyldan til alls þess er varðar framkvæmd verka skv. samningi þessum og öll gögn. Verksali mun meðhöndla allar upplýsingar varðandi verkefnið sem trúnaðarupplýsingar. Þetta á ekki við um þær upplýsingar sem verksala ber skylda til að láta af hendi samkvæmt lögum og reglum eða í samræmi við faglega staðla, né heldur þær sem teljast til eða munu teljast til opinberra upplýsinga.

11. Gildistími

Samningur þessi gildir frá undirritun til verkloka. Verklok eru áætluð 1. nóvember 2016. Sjái verksali fram á að verklok muni tefjast skal hann tímanlega gera verkkaupa grein fyrir því með skriflegum hætti.


12. Frumrit samnings og fyrirvari um staðfestingu

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins og heldur hver aðili að samninginum sínu eintaki.


Reykjavík, 14.06.2016



Eygló Harðardóttir
Félags- og húsnæðismálaráðherra



F.h. innanríkisráðuneytisins
Ragnhildur Hjaltadóttir



Jón Atli Benediktsson
Rektor Háskóla Íslands



Pia Hansson
Forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar HÍ

Fylgiskjal 1:

Umbótatækifæri í þjónustu við útlendinga og innflytjendur

Í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnar Íslands um að ráðast í sameiginlegt verkefni á vettvangi stjórnarráðsins um endurskoðun á þjónustu við útlendinga og innflytjendur á Íslandi höfðu innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið samband við Háskóla Íslands um aðkomu hans að verkefninu.

Framkvæmdin af hálfu Háskóla Íslands verður í höndum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri verður ráðinn til að halda utan um verkefnið sem formlega hefst 1. maí og er stefnt að verklokum 1.nóvember 2016. Verkefnisstjóra til halds og trausts verður sérstakur stýrihópur með fulltrúum frá Háskóla Íslands sem tengjast átaki skólans Fræði og fjölmening, og fulltrúum innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis.

Eftir fundi fulltrúa Háskóla Íslands með starfsfólki innanríkis- og velferðarráðuneytis um forgangsröðun verkefna leggur Háskóli Íslands til eftirfarandi verkþætti.

1. Viðhorf flóttafólks sem hlotið hefur alþjóðlega vernd á Íslandi til þeirrar þjónustu og stuðnings sem það fær.

Þegar leggja á mat á þau úrræði sem eru til staðar fyrir flóttafólk sem fær alþjóðlega vernd hér á landi er mikilvægt að raddir einstaklinganna sjálfra fái að heyrast. Þungamiðja rannsóknarinnar yrði því að skoða hugmyndir og skoðanir flóttafólksins sjálfs.

Aðferð:

Spurningakönnun á netinu: Netkönnunin verður lögð fyrir flóttafólk, bæði kvótaflóttafólk og þá sem komu til landsins á eigin vegum og fengu alþjóðlega vernd á árunum 2004 til 2015. Byggt verður á fyrri rannsókn á viðhorfum flóttafólks sem gerð var árið 2005. Þannig verður hægt að bera saman niðurstöður við rannsóknina 2005 og einnig að bera saman upplifun kvótaflóttamanna og þeirra sem hafa komið til landsins á eigin vegum.

Hópviðtöl: Tekin verða þrjú hópviðtöl við flóttafólk. Með hópviðtölunum er leitast við að fá dýpri sýn á skoðanir og upplifun einstaklinganna á aðlögunarferlinu.

Framkvæmd:

Spurningakönnunin og hópviðtölin verða framkvæmd af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í samvinnu við verkefnisstjóra Alþjóðamálastofnunar og með aðkomu fræðimanna innan Félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands.

2. Viðhorf félagsráðgjafa og annarra sem vinna að aðlögun flóttafólks að íslensku samfélagi

Til þess að meta þjónustu við flóttafólk á Íslandi er mikilvægt að fá fram sjónarmið þeirra sem vinna við aðlögun flóttafólks.

Aðferð:

Tekin verða 7 djúpvíðtöl við einstaklinga sem vinna dagsdaglega við aðlögun flóttafólks. Svör viðmælanda verða þemagreind og helstu þemu tekin saman í kafla.

Framkvæmd:

Verkefnisstjóri Alþjóðamálastofnunar mun sjá um framkvæmd viðtala og greiningu þeirra í samstarfi við fræðimenn innan Félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands.

RAI Elk TAB

3. Samanburður á þjónustu við flóttafólk á Íslandi og hinum Norðurlöndunum

Til að nýta sér þá reynslu sem nágrannalönd okkar hafa af móttöku flóttafólks verður skoðað hvernig móttaka og aðlögun flóttafólks fer fram í nágrannalöndunum miðað við á Íslandi og leitast eftir að fá dæmi um verkefni og úrræði sem hafa gefið góða raun.

Aðferð:

Gagnagreining á netinu og spurningar sendar á aðila sem vinna að aðlögun flóttafólks á Norðurlöndunum.

Framkvæmd:

Verkefnisstjóri Alþjóðamálastofnunar í samstarfi við stýrihóp verkefnisins.

4. Lagaleg og stjórnsýsluleg aðgreining málefna útlendinga og innflytjenda - greining á umbótatækifærum

Í úttekt Ríkisendurskoðunar frá mars 2015 kemur fram að það sé mat Ríkisendurskoðunar að annmarkar felist í því að málefnum útlendinga og innflytjenda sé skipt lagalega og stjórnsýslulega í tvo flokka. Innanríkisráðuneytið og undirstofnanir þess annist málefni útlendinga en velferðarráðuneytið og undirstofnanir þess beri ábyrgð á málefnum innflytjenda. Í fjórða verkþætti greiningu umbótatækifæra í þjónustu í málefnum útlendinga og flóttafólks yrði gerð lagaleg og stjórnsýsluleg úttekt á aðgreiningu málefna útlendinga og innflytjenda.

Aðferð:

Leitað verður til fræðimanna frá Háskóla Íslands til að skoða þessi mál annars vegar út frá lögfræði og hins vegar stjórnsýslufræði. Gerðar yrðu tvær hagnýtar greiningar á stöðu mála, m.a. verkaskiptingu ráðuneyta og stofnana og settar fram tillögur að umbótum með það í huga að auka samþættingu og skilvirkni stjórnsýslunnar. Horft yrði til skipulags málaflokksins meðal nágrannaþjóða Íslands.

Framkvæmd:

Fræðimenn við skólann skrifa greinargerðir um einstaka þætti þessa verkþátts en verkefnisstjóri Alþjóðamálastofnunar HÍ heldur utan um verkefnið.

5. Kynningarfundur um verkefnið

Haldinn verður opinn kynningarfundur um helstu niðurstöður rannsóknarinnar í lok verkefnisins.

Framkvæmd

Háskóli Íslands í samstarfi við innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið.

6. Verkefnabanki fyrir framhaldsnema

Til að hvetja til frekari rannsókna á þjónustu við útlendinga og innflytjendur yrði auglýstur verkefnabanki með verkefnum á þessu málefnasviði.

Aðferð og framkvæmd

Stýrihópur myndi skilgreina og forgangsraða mögulegum meistaraverkefnum sem yrðu kynnt. Tveir styrkir yrðu veittir til bestu umsóknanna.

RAM
EL

JAB